



 **Benelli**

5 ára ábyrgð á öllum nýjum byssum



Nova pumpa - 12-ga. 3 1/2"



Ný M2 Field, ComforTech™ - 12-ga. 3"



Sport II - 12-ga. 3"

Dreifing:

Veidihúsið

Hólmaslóð 1 · 101 Reykjavík · Sími 562-0095/898-4047 · www.veidihusid.is

VEIÐIDAGBÓK




UST
Umhverfisstofnun

2006

NJÓTTU LÍFSINS MED HÆILBRIGÐUM LÍFSSTÍL



KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust. Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.

Skyr



Haraldur Þorgeirsson

EFNISYFIRLIT

11. árgangur



Leiðari	2
Refir og minkar	3
Íslenski tófustofninn	6
Hættum að drepa, byrjum að veiða	16
Skipting landsins í sex veiðisvæði	18
Veiðiskýrslan 2006	20
Veiðidagbók veiðimannsins	22
Happdrætti	30
Veiðikortakerfið	32
Veiðitölur	34
Friðlýst svæði	37
Kort af friðuðum svæðum	40
Fuglamerki, hvað á að gera við þau?	42
Boð og bönn	44
Veiðitímabil, tafla	48

Veidistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar gefur þennan bækling út og er hann kostaður með auglýsingum.

Veidistjórnunarsvið • Borgir v/Norðurlóð • 600 Akureyri

Sími: 460 7900 • Bréfasími: 460 7901

Heimasíða: www.ust.is • Tölvupóstur: veidistjorn@ust.is

Ljósmynd á forsiðu: Jóhann Óli Hilmarsson

Prentvinnsla: Ásprent • 600 Akureyri • Sími 4 600 700

Ritstjóri: Bjarni Pálsson, verkefnisstjóri veiðikorta

Ábyrgðarmaður: Áki Ármann Jónsson, forstöðumaður veiðistjórnunarsviðs

Útgáfunúmer UST-2006:03

FEGUÐ · HREYSTI · HOLLUSTA



ÁKI ÁRMANN JÓNSSON FORSTÖÐUMAÐUR

VEIÐISTJÖRNUNARSVIÐ UMHVERFISSTOFNUNAR

Veiditölur komnar í lag

Veiditölur fyrir árið 2004 koma vel út og einnig þær veiðiskýrslur 2005 sem við höfum fengið í gegn um skilavefinn í janúarmánuði 2006. Margir hafa ýjað að því að rjúpnaveiditölur ársins 2005 verði ómarktækar því veiðimenn muni gefa upp of litla veiði. Því er til að svara að veiðipól næsta hausts verður grundvallað á talningum í vor og því ástæðulaust að gefa upp rangar veiðitölur. Dauð rjúpa síðastliðið haust verður ekki talinn lífandi í vor.

Áframhaldandi mikil ásókn í hreindýraveiðileyfi

Ríflega 1.600 umsóknir bárust í 800 leyfi til hreindýraveiða fyrir árið 2005 og fyrir veiðitímabilið 2006 eru þær 1.922. Kvótinn var aukinn um 109 dýr en nýliðun hefur verið góð og lítið um náttúruleg afföll. Miðað við núverandi ásókn getur meðalveiðimaður búist við því að fara á veiðar fjórða hvert ár á vinsælustu svæðunum.

Rjúpnaveiðin sl. haust Boð og bönn eða heilbrigð skynsemi?

Hæstvirtur umhverfisráðherra tilkynnti sl. haust takmarkanir á rjúpnaveiðum vegna veiðitímabilsins 2005. Athygli vakti að ráðherra gekk ekki eins langt í styttingu veiðitímans sem Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun lögðu til. Hinsvegar lagði ráðherra meiri áherslu á hvatningarátak til veiðimanna um að veiða hóflega í haust og höfðaði til skynsemi veiðimanna og síðferðiskenndar. Svo virðist sem veiðimenn hafi brugðist vel við áttakinu því þær veiðitölur sem komnar eru í hús og þær skoðanakannanir sem hafa verið gerðar benda eindregið til þess að veiðimenn hafi dregið úr veiðiálaginu.

Heildarveiðitölur verða þó ekki tilbúnar fyrr en í lok árs enda margir sem skila inn veiðitölum á haustmánuðum.



ÁKI ÁRMANN JÓNSSON FORSTÖÐUMAÐUR

VEIÐISTJÖRNUNARSVIÐ UMHVERFISSTOFNUNAR


Mjög góð skil voru á skýrslum frá sveitarfélögum vegna refa- og minkaveiða á árinu 2005 eins og undanfarin ár. Alþingi samþykkti að hækka fjárveitingu til endurgreiðslu sveitarfélaga svo Umhverfisstofnun gat hækkað endurgreiðsluhlutfallið úr 30% í 50%.

Skil á skýrslum hafa batnað síðustu árin með fækkun og stækkun sveitarfélaga. Hér að neðan eru kostnaðartölur fyrir árið 2005 og til samanburðar kostnaðurinn fyrir árin 2004 og 2003.

Tafla 1. Refir og minkar 2003-2005

	Refir			Minkar		
	2005	2004	2003	2005	2004	2003
Veidd dýr	5.325	5.688	4.832	7.024	7.116	7.323
Vinnustundir	14.657	14.174	12.656	13.805	15.009	16.357
Eknir km.	54.428	65.786	52.461	84.995	80.875	86.995
Kostn. millj. króna	61	63	55	45	45	44
Kostn. pr. veitt dýr	11.455	11.076	11.341	6.407	6.324	6.036
Vinnustundir pr. veitt dýr	2,8	2,5	2,6	1,97	2,11	2,23
Eknir km. pr. veitt dýr	10,2	11,6	10,9	12,1	11,4	11,9

Refaveiði 1957-2005



Tafla 2:

	Hlauparefir	Grendýr	Yrðlingar	Samtals
2005	2.151	991	2.183	5.325
2004	2.340	1.084	2.264	5.688
2003	2.154	833	1.845	4.832
2002	2.571	790	1.907	5.268
2001	1.860	881	1.936	4.677
2000	1.899	757	1.812	4.468
1999	2.073	731	1.769	4.573
1998	1.476	629	1.669	3.774


Refaveiðin árið 2005 var aðeins minni en árið 2004

Á aukafjárlögum til UST árið 2005 var samþykkt tveggja milljón króna aukafjárveiting til þess að útbúa kennsluefni fyrir refaveiðimenn og koma upp gagnagrunni vegna tjóns af völdum refa. Veiðistjórnunarsvið hefur hafið undirbúning verkefnisins og stefnt er að því að verkið klárast á þessu ári.

Minkaveiðin dróst lítillega saman á milli ára

Alþingi hefur samþykkt að veita 45 milljónum króna árlega næstu þrjú árin í sérstakt minkaveiði-átak. Umhverfisstofnun hefur óskað eftir tillögum bæði frá Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun hvernig staðið skuli að slíku átaki bæði með tilliti til rannsókna og veiði.

Minkaveiði 1957-2005



ÍSLENSKI TÓFUSTOFNINN



PÁLL HERSTEINSSON

LÍFFRÆDISTOFNUN HÁSKÓLANS

Inngangur

Með hlýnandi veðráttu má gera ráð fyrir því að stofnar sumra hánorræna spendýra geti átt í erfiðleikum vegna samdráttar kjörlanda og samkeppni við suðrænni tegundir. Þessa er þegar farið að gæta hvað varðar hvítabjörninn, aðallega syðst á útbreiðslusvæði hans við Hudsonflóa í Kanada. Syðri útbreiðslumörk tófunnar í Kanada og Síberíu hafa færst norður á bóginn og það hafa nyrðri mörk útbreiðslu rauðrefa, helsta keppinautar tófunnar, gert líka. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hefur tófum fækkað ískyggilega og þær hafa hoptað hærra til fjalla en rauðrefir byggja nú fyrrum kjörlendi þeirra rétt ofan trjálínu.

Á hinn bóginn eru engin merki um að hlýnandi veðrátta hafi neikvæð áhrif á tófuna á Íslandi enda er rauðrefurinn fjarri Íslands ströndum. Þvert á móti hefur refur farið fjölgandi hérlandis undanfarna þrjá áratugi ef marka má veiðitölur. Hér verður gerð örlitil grein fyrir þessari fjölgun.

Langtímabreytingar á fjölda veiddra refa

Miklar breytingar á stærð tófu- stofna eru algengar og vel þekktar. Á freðmýrum Norður-Ameríku og Evrasíu sveiflast stofnarnir í takt við sveiflur í læmingjastofnum sem ná hámarki og lágmarki á 3-5 ára fresti. Þar eru tófur um það bil tvisvar sinnum frjósamari en hér-

landis og geta því brugðist hratt við breyttu fæðuframboði. Hérlandis er fæðuframboð refa hlutfallslega mjög stöðugt frá ári til árs, meðal annars vegna þess hve fjölbreytt það er, og þær breytingar sem verða á fæðutegundum gerast á lengri tíma. Eini fæðustofninn sem vitað er til að sveiflist með reglubundnum hætti er rjúpan. Breytingar hafa einnig orðið á stofnum grágæsar, heiðagæsar og fýls en allir þessir stofnar stækkuðu töluvert á seinni hluta síðustu aldar og jókst útbreiðsla síðastnefndu tegundarinnar mjög mikið. Minna er vitað um breytingar á stofnum flestra tegunda vaðfugla og spörfugla.

Allnokkrar breytingar urðu á stærð íslenska tófustofnsins á


seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta síðustu aldar ef marka má tölur um útlutning refaskinna. Lítið er vitað um ástæður þeirra breytinga en hugsanlega komu rjúpnasveiflan, hundafár og eitrunarherferðir við sögu. Allt frá árinu 1958 hefur embætti veiðistjóra (nú veiðistjórnunarvið Umhverfisstofnunar) haldið utan um tölur um fjölda veiddra refa á landinu. Tölurnar eru sundurliðaðar eftir sveitarfélögum og því má athuga hvort þær breytingar, sem verða á refaveiðinni frá ári til árs eru sambærilegar í hinum ýmsu landslutum. Athuganir minar benda til að yfirleitt sé ekki ástæða til að skipta landinu nema í tvo hluta þegar veiðitölurnar eru skoðaðar þar sem breytingar eru tiltölulega




MAVERICK®

Ein allra bestu kaupin sem hægt er að gera í pumpu í dag

SPORTVÖRUGERÐIN SKIPHOLT 5 5628383



1. mynd. Samanlagður fjöldi grendýra og hlaupadýra sem veiddust á vestanverðu landinu árlega á árunum 1958-2004 (þykk lína) og meðalfjöldi yrðlinga sem náðust á unnum grenjum 1958-1996 (þunn lína, opnir ferningar).



2. mynd. Samanlagður fjöldi grendýra og hlaupadýra sem veiddust á austanverðu landinu árlega á árunum 1958-2004 (þykk lína) og meðalfjöldi yrðlinga sem náðust á unnum grenjum 1958-1996 (þunn lína, opnir ferningar).

samstiga víðast hvar en tilviljana-kennd frávik og skekkjur aukast við frekari sundurlíðun. Ég hef því tekið þann kost að greina tölurnar fyrir vestanvert landið (frá Gullbringusýslu í suðri til Strandasýslu í norðri) og austanvert landið (frá Húnavatnssýslu og Árnessýslu í vestri til Suður-Múlasýslu í austri). Þótt þessi skipting sé ójöfn þegar miðað er við flatarmál (austanvert landið samkvæmt þessari skiptingu er fjórum sinnum stærra en vestanvert landið) eru veiðitölur merkilega svipaðar. Allmikill munur er á þessum svæðum að því leyti að á vestanverðu landinu er afar löng og gjöful strandlengja miðað við flatarmál svæðisins en austanvert landið einkennist hins vegar af miklum heiðalöndum fjarri sjó og tiltölulega stuttri strandlengju miðað við flatarmál.

Í grófum dráttum breytast veiðitölur á svipaðan hátt á þessum tveim svæðum á tímabilinu 1958-2004 (1. og 2. mynd). Veiddum dýrum fækkaði í upphafi en þeim tók að fjölga á ný á 8. áratugi

siðustu aldar á vestanverðu landinu og á 9. áratuginum á austanverðu landinu. Á báðum svæðum hefur fjölgun veiddra dýra verið samfelld síðan þótt ef til vill megi greina minni fjölgun hin allra síðustu ár á vestanverðu landinu. Þá er athyglisvert að á báðum svæðum fór meðalfjöldi yrðlinga sem náðist á grenjum vaxandi á tímabilinu (eftir 1996 eru tölur um fjölda unninna grenja óáreiðanlegar og því hefur meðalfjöldi yrðlinga/greni ekki verið reiknaður út fyrir árin 1997-2004). Sé gert ráð fyrir að breytingarnar á samanlagðri veiði grendýra og hlaupadýra endurspegli að mestu leyti breytingar á stofnstærð og breytingar á meðalfjölda yrðlinga sem næst á grenjum endurspegli breytingar á meðalgotstærð, kemur það í sjálfu sér ekki óvart að meðalgotstærð aukist þegar dýrum fækkar eins og gerðist á fyrri hluta tímabilsins. Hins vegar hefði mátt búast við að meðalgotstærð minnkaði á ný þegar stofninn stækkaði á seinni hluta tímabilsins.

Breytingar á lágmarksstofnstærð að hausti 1978-2003


Frá því í ársbyrjun 1979 hef ég aldursgreint veidda refi hérlendis með því að telja áhringi sem myndast í tannrótum dýranna. Af þeim sökum fékk ég refaveiðimenn í upphafi til þess að senda mér kjálka eða hansa felldra dýra en síðar heil hræ. Aldursgreint úrtak hefur verið breytilegt milli ára en hefur hin seinustu ár oftast verið á bilinu 300-400 dýr. Þar sem allgóðar tölur eru fyrir hendi um fjölda veiddra refa árlega gerir þekking á aldursdreifingu veiddra dýra kleift að reikna út lágmarksstofnstærð með svokallaðri aldurs-afla aðferð (3. mynd). Á það skal lögð áhersla að hér er um útreikning lágmarksstofnstærðar að ræða. Hins vegar er í bigerð að gera stærðfræðilegt líkan af stofninum þar sem tekið verði tillit til fleiri þátta sem mun gera kleift að komast nær raunverulegri stærð stofnsins.

Niðurstöður ofangreindra útreikninga á lágmarksstofnstærð benda til þess að stofninn hafi


stækkað samfellt frá árinu 1978 til ársins 2003 og benda veiðitölur síðustu tveggja ára til að fjölgun hafi haldið áfram eftir það.

Breytingar á frjósemi og fituförða


Eftir að aðstaða fékkst til krufninga árið 1986, fyrst við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum og síðar hjá Líffræðistofnun Háskólans, hef ég fengið hræ dýranna send í heilu lagi (án skotts) og krufið þau, m.a. til þess að telja legör í læðum en fjöldi legöra segir til um fjölda yrðlinga sem læðan gekk með síðast. Með því móti er hægt að fylgjast með breytingum á frjósemi dýranna, bæði hlutfalli geldra læðna og meðalfjölda fóstura á meðgöngu hjá þeim læðum sem fá fang. Niðurstöður benda til þess að geldtíðni hafi aukist á vestanverðu landinu (4. mynd) en ekki á austanverðu landinu (5. mynd). Hins vegar hefur engin marktæk breyting orðið á meðalgotstærð læðna bendir til þess að á vestanverðu




3. mynd. Reiknuð lágmarksstærð íslenska refastofnsins að haustlagi árin 1978-2003. Lóðréttar línur sýna 95% öryggismörk.



4. mynd. Geldtíðni meðal læðna (súlur) og meðalfjöldi legöra í læðum (hringir) á vestanverðu landinu árin 1986-2004. Lóðréttar línur sýna staðalskekkju (geldtíðni) og staðalfrávik (legör).



5. mynd. Geldtíðni meðal læðna (súlur) og meðalfjöldi legðora í læðum (hringir) á austanverðu landinu árin 1986-2004. Lóðréttar línur sýna staðalskekkju (geldtíðni) og staðalfrávik (legðora).



6. mynd. Meðalþykkt bakfitu (mæld í nóvember-febrúar) hefur ekki breyst marktækt á tímabilinu 1990-91 til 2004-05, hvorki á vestanverðu né austanverðu landinu. Hér er meðalþykkt-in sýnd fyrir allt landið. Lóðréttar línur tákna staðalfrávik.

landinu sé farið að gæta þéttleika-háðra áhrifa af aukinni stofnstærð sem lýsir sér í því að fleiri læður eru geldar þar en áður. Eru það aðallega árgömul dýr sem ekki ná að tryggja sér ódal og verða því að fresta tímgun en 40-50% árgamalla læðna í veiðinni þar hafa ekki náð að tímgastr í sam-burði við 10-20% árgamalla læðna á austanverðu landinu. Hins vegar er frjósemi dýranna óbreytt sem bendir til að ekki gæti fæðuskorts enn sem komið er.

Frá og með árinu 1991 hef ég mælt þykkt bakfitu dýranna en bakfita er góður mælikvarði á heildarfituforða dýranna. Engin marktæk breyting hefur orðið á þykkt bakfitu dýra á þeim tíma sem þau eru feitust, þ.e. desem-

ber-febrúar, frá því að mælingar hófust (6. mynd). Það bendir til að aðgengi að fæðu að vetrarlagi hafi ekki minnkað á tímabilinu. Við þetta má bæta að vel innan við 1% refa sem veiðast að vetrarlagi héraendis er án bakfitu en á Sval-barða eru nærfellt 20% refa í því ástandi sem tákna að lífslíkur þeirra hefðu verið afar litlar þótt þeir hefðu ekki veiðst.

Ályktanir og samantekt

Íslenski tófustofninn hefur stækkað samfellt undanfarinn rúman aldarfjórðung og benda mælingar á lágmarksstofnstærð til að stofninn hafi sexfaldast frá hausti 1978 til haustsins 2003. Fæðuskortur er ekki farinn að hamla viðkomu en þó bendir hækkað hlutfall geld-

Ein allra bestu kaupin sem hægt er að gera í pumpu í dag
SPORTVÖRUGERÐIN SKIPHOLT 5 562833

læðna á vestanverðu landinu til þess að þar sé farið að þrengja að dýrunum og það taki þau lengri tíma en áður að finna heppileg óðul. Hlutfall geldlæðna er þó mun lægra en á Svalbarða þar sem um 90% ársgamalla læðna eru geldar. Afar ólíklegt er þó að hlutfall geldra læðna verði svo hátt hérlendis meðan veiðar eru stundaðar af sama kappi og nú. Hlutfall geldlæðna á vestanverðu landinu hefur reyndar farið heldur lækkandi frá hámarki á árunum 1996-1998 sem gæti bent til þess að hlutfallslega meira sé grisjað úr stofninum nú en þá. Hins vegar er ekkert sem bendir til þess að á austanverðu landinu sé þéttleiki farinn að hafa neikvæð áhrif á viðkomu með aukinni geldtíðni eða lægri frjósemi.

Lokaorð

Líklega þarf ekki að taka það fram að sú vöktun refastofnsins sem hér er lýst gæti ekki átt sér stað án mikillar og góðrar samvinnu við refaskyttur. Þessum veiðimönnum

vil ég senda kærar þakkir fyrir framlag þeirra og hvetja bæði þá og aðra til að senda mér refahræ áfram. Fyrir þá sem ekki hafa sent mér hræ til þessa en hafa áhuga á að gera það er rétt að benda á að best er að frysta hræ sem fyrst eða senda mér ella við fyrsta tækifæri með flutningabil eða flugi og merkja sendinguna vel sem frystivöru. Móttakandi greiðir fyrir sendinguna. Þær upplýsingar sem þurfa að fylgja hverju hræi eru helst dagsetning veiðinnar og veiðistaður (sýsla, sveitarfélag og nánari staðsetning, t.d. vel þekkt örnefni í grennd eða GPS staðsetning). Sé um að ræða grendyr er auk þess mikilvægt að fá upplýsingar um fjölda yrðlinga og helstu fæðuleifar á greninu. Þeir sem áhuga hafa á að senda mér hræ eru beðnir um að hafa samband við mig (sjá heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang hér fyrir neðan) og mun ég þá senda þeim eyðublöð til að fylla út með hverju hræi þar sem ofangreindar og fleiri upplýsingar komi fram.

Þeir sem taka þátt í vöktuninni með því að leggja til tófuhræ fá enga greiðslu fyrir nema hefðbundin verðlaun við framlagningu skotts í viðkomandi sveitarfélagi. Aldursgreiningar fara fram einu sinni á ári, venjulega síðla vetrar, og sendi ég í kjölfar þess viðkomandi skyttum upplýsingar um aldur, fjölda legöra og þykkt bakfitu þeirra dýra sem þær höfðu sent

mér frá því að aldursgreiningar fóru fram síðast.

Páll Hersteinsson
Líffræðistofnun Háskólans
Sturlugötu 7
101 Reykjavík

Sími: 525-4608

Tölvupóstfang: pher@hi.is

Vöktun íslenska refastofnsins er styrkt af Veiðikortasjóði.



Beretta SO10EELL
Verð kr. 8.300.000

Ísnes ehf. www.isnes.is

HÆTTUM AÐ DREPA, BYRJUM AÐ VEIÐA



SIGMAR B. HAUSSON

FORMAÐUR SKOTVEIÐIFÉLAGS ÍSLANDS

Pegar þessar línur eru settar á blað, í lok janúar, bendir allt til þess að rjúpnaveiðin í haust sem leið hafi verið afar hófleg. Skoðanakönnun SKOTVÍS og fyrstu tölur frá Veiðistjórnunarsviði Umhverfisstofnunar benda til þess að rjúpnaveiðin hafi verið um 75.000 rjúpur. Ef þetta reynist rétt vera er það gleðiefni. Miðað var við að rjúpnaveiðin, haustið 2005, yrði um 70.000 fuglar þ.e.a.s. um 15 rjúpur á mann.

SKOTVÍS lagði hart að félagsmönnum sínum og öðrum skotveiðimönnum að gæta hófs við veiðarnar og veiða aðeins fyrir sig og sína, hvort sem viðkomandi þyrfti 7 eða 20 rjúpur. Það er fagnaðarefni að áskorun


okkar og stjórnvalda um að veiðimenn gættu hófs við veiðar virðist hafa heppnast og sömuleiðis sölubannið. Þessi niðurstaða segir okkur að við verðum enn að herða róðurinn hvað varðar upplýsingar til veiðimanna um að gæta hófs. Líkur eru á að á næstu þremur árum muni sölubannið hafa enn meiri þýðingu. Nú fyrir jólin var eitt-hvað selt af rjúpu og mun gangverðið hafa verið um kr: 2.000 fyrir stykkið. Mun minna var þó selt af rjúpu en verið hefur fram til þessa. Talsvert var af innfluttri villibráð. Til þess að fá að flytja inn villibráð þurfa innflytjendur að greiða mjög háa tolla af þessari afurð og er mjög brýnt að

þessir tollar verði felldir niður þannig að verð á erlendri villibráð verði talsvert lægra. Það myndi stuðla að því að minni eftirspurn yrði eftir íslenski villibráð eins og rjúpu og gæs.

Það er talsvert áhyggjuefni að mikið er veitt af gæs sem seld er til verslana og veitingahúsa. Nú er orðið mjög algengt að gæsaveiðimenn leigi tún og akra. Verið er að greiða talsvert fé fyrir þessa akra; algengt verð er um kr: 80.000 - 140.000. Þeir veiðimenn sem leigja akra freistast því oft til að selja gæs til að hafa upp í leiguna. Það má því segja að núverandi fyrirkomulag, þ.e.a.s. að menn leigi akra og tún, sé söluhvetjandi. Þessi staða mála er því óheppileg. Nauðsynlegt er að veiðimenn veiði gæsina með sama hugarfari og rjúpu, þ.e.a.s. gæti hófs við veiðarnar og veiði aðeins fyrir fjölskylduna. Ef að þessi mál þróast áfram í þá átt að talsverð brögð verði að því að menn selji gæs verður að grípa til sölu-

banns á gæs. Boð og bönn eru hvítleið og á ekki að grípa til þeirra nema að nauðsyn krefji. Þess vegna er nauðsynlegt að gæsaveiðimenn hætti magnveiðum á gæs til þess að selja. Ef menn láta þessa áskorun okkar sem vind um eyru þjóta verður ekki hjá því komist að setja á sölubann á gæs. Gífurleg sóun tíðkast í þessum atvinnuveiðum. Flestir söluveiðimenn hirða aðeins bringurnar úr gæsunum og henda afganginum af fuglinum. Þetta er gríðarleg sóun og er þessum veiðimönnum til vansæmdar þó ekki sé meira sagt.

Veiðimenn, tókum höndum saman og gætum hófs við veiðar. Ef þið eigið kunningja eða vitið um veiðimenn sem eru að selja bráð, talið þá við þá og fáið þá til að hætta græðgisveiðum. Með því að gæta hófs við veiðar tryggjum við sterka stofna veiðidýra og getum stundað veiðar í íslenski náttúru um ókomin ár.



Hagsmunasamtök Íslenskra skotveiðimanna

Skotveiðifélag Íslands eru einu hagsmunasamtök skotveiðimanna á landsvísu.

Með félagsaðild að SKOTVÍS stendur þú vörð um hagsmuna- og réttindamál íslenskra skotveiðimanna.

Með því að taka þátt í starfsemi SKOTVÍS tryggir þú að við getum stundað skotveiðar í íslenskri náttúru um ókomin ár.



Allir meðlimir Skotveiðifélags Íslands fá árlega sent vandað tímarit um byssur og skotveiðar.



SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS

Holtagerði 32 - 200 Kópavogur

Sími: 551 4574 - 893 4574

Tölvupóstfang: skotvis@skotvisi.is


Heimasíða: www.skotvis.is

	VE	VF	NV	NE	AU	SU	SAMT:
Svartbakur							
Sílamáfur							
Silfur máfur							
Hrafn							
Grágæs							
Heiðagæs							
Fýll							
Dílaskarfur							
Toppskarfur							
Blesgæs							
Helsingi							
Stökkönd							
Urtönd							
Rauðhöfðaönd							
Duggönd							
Skúfönd							
Hávella							
Toppönd							
Hvitmáfur							
Hettumáfur							
Ríta							
Álka							
Langvía							
Stuttnefja							
Teista							
Lundi							
Rjúpa							
Kjói							
Refur							
Mínkur							
Hreindýr							

MAGELLAN

Við tölum íslensku !

GPS tæki með
stýrikerfi á íslensku
Hjálparaðgerðir
á íslensku
Auðvelt að læra á !



AMGAUKARAF

Intersport Bildshófa
Sjóbúðin Akureyri

Dalbrekku 16 • Kópavogi • www.aukaraf.is • © 585 0000

Veðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtals

Veðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtals

Veðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtals

Sérverslun skotveiðimannsins



Bíldshöfða 12 · Reykjavík · Sími 567 5333
Haukamýri 4 · Húsavík · Sími 464 1009
www.hlad.is

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fulló. kvk ung. kvk fulló. samtals

	kk ung.	kk fulló.	kvk ung.	kvk fulló.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fulló. kvk ung. kvk fulló. samtals

	kk ung.	kk fulló.	kvk ung.	kvk fulló.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fulló. kvk ung. kvk fulló. samtals

	kk ung.	kk fulló.	kvk ung.	kvk fulló.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fulló. kvk ung. kvk fulló. samtals

	kk ung.	kk fulló.	kvk ung.	kvk fulló.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtais

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtais

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtais

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtais

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Skilahappdrætti UST 2006

Dregið var 07.02.2006 úr 5.041 skýrslum sem skilað var inn fyrir
1. febrúar 2006

1. verðlaun

Magellan eXplorists 600 Staðsetningartæki með Íslandskorti frá Aukaraf

1. Stefán Jóhann Óskarsson

Vesturvegi 11
680 Þórshöfn

2.-10. verðlaun *Skotvopnabókin.*

Mæðferð og eiginleikar skotvopna, eftir Einar Guðmann

6. Áki Thoroddsen

Strandaseli 1
109 Reykjavík

2. Ágúst Jónsson

Logafold 22
112 Reykjavík

7. Hilmar T Björnsson

Hvassaleiti 133
103 Reykjavík

3. Agnar Ólafsson

Borgarbraut 50
310 Borgarnesi

8. Páll Guðjón Þórhallsson

Brekkutanga 30
270 Mosfellsbæ

4. Ingbór Eide Guðjónsson

Borgargerði 14
755 Stöðvarfjörður

9. Ásgeir Hermann Steingrímsson

Langagerði 52
108 Reykjavík

5. Daði Jóhannesson

Silfurgötu 10
340 Stykkishólmur

10. Guðmundur Lúther Hafsteinsson

Tjarnargötu 43
101 Reykjavík

11.-15. Verðlaun

Áttaviti

13. Hálfán Guðröðarson

Aðalgötu 34
430 Suðureyri

11. Rebekka Stefánsdóttir

Austurströnd 8
170 Seltjarnarnesi

14. Gísli Jónsson

Björk
730 Reyðarfjörður


12. Jóhannes Þór Ellertsson

Þórðargötu 30
310 Borgarnesi

15. Gunnlaugur Óskarsson

Þórsbergi 12
210 Hafnarfjörður

EIN GLÆSILEGASTA VEIÐIDEILD LANDSINS



Komdu við í Intersport á
leiðinni út úr bænum

INTERSPORT[®]
VEIÐIDEILD

Bíldshöfða 20 • Reykjavík • s. 585 7220

VEIÐIKORTAKERFIÐ



Ár	Fj. umsókna	Veiðikort			
		Útgefin	Greidd	Innkoma	Rekstur
1995	11.572	11.516	11.208	16,8	6,9
1996	12.764	12.664	12.496	18,75	6,9
1997	11.601	11.422	11.202	16,9	6,3
1998	10.871	10.671	10.556	16,8	4,8
1999	10.914	10.655	10.435	16,7	5,5
2000	10.909	10.588	10.503	19,9	5,6
2001	11.096	10.613	10.452	19,8	5,5
2002	11.203	10.685	10.619	20,2	5,7
2003	9.927	8.518	8.507	18,7	6,8
2004	8.119	7.725	7.720	16,7	7,9
2005	10.542	10.512	10.495	23,1	8,6

Á seinasta ári var úthlutað úr veiðikortasjóði til eftirfarandi verkefna:

Heiti	Upphæð	Stofnun	Styrkþegi
Vöktun refastofnsins	2.114.432	Háskóli Íslands	Páll Hersteinsson
Rjúpnarannsóknir	6.600.000	Náttúrufr.st. Íslands	Ólafur Karl Nielsen
Hvatningarátak	700.000	Umhverfisstofnun	UST
Rjúpnaskýrsla	1.057.181	SLU o.fl.	UST
Samtals	10.471.613		



Vandaðir rifflar og sjónaukar




J. Vilhjálmsson ehf.
 Dunhaga 18, 107 Reykjavík
 Sími: 561-1950
 j.vilhjalms@byssa.is
 www.byssa.is

Byssusmiðil • Byssuvöðgerðir • Byssusala
 Njjar byssur • Notaðar byssur • Fylgihlutir
 Vöður • Vöðluvöðgerðir • Vöðluvelga • Stangarteiga
 Umboð fyrir: Blaser, Sauer og Mauzer riffla,
 Schmidt & Bender, Pecar-Berlin og Kahles sjónauka.
 Niggeloh ólar og Recknagel sjónaukafestingar.

• Diploma de Ecole de Liège



veiðimaður.is

vefur íslenska skotveiðimannsins

www.isnes.is

VEIÐITÖLUR

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Svartbakur	35.787	32.785	29.801	32.342	25.133	20.210	18.023	17.915		15.053
Sílamáfur	22.340	22.390	27.625	34.030	19.865	26.742	17.753	23.161		19.822
Sílfurmáfur	5.998	4.798	4.881	7.868	6.289	5.569	5.190	6.505		3.852
Hrafn	7.119	6.653	5.987	5.564	4.555	3.087	3.884	2.855		3.465
Grágæs	35.350	37.657	41.240	38.017	35.038	32.510	32.692	31.320		36.752
Heiðagæs	10.695	12.182	14.674	15.396	13.903	14.271	12.557	11.666		12.851
Blesgæs	3.237	2.947	3.185	3.245	3.319	3.563	3.710	2.938		3.476
Helsingi	1.876	1.619	2.629	2.283	1.376	1.412	1.409	925		1.098
Stokkönd	9.885	11.507	10.635	10.989	9.336	10.443	9.672	8.430		10.807
Urtönd	1.033	1.377	1.207	1.099	1.190	2.348	1.743	1.377		1.401
Rauðhófaönd	684	709	637	668	811	1.688	1.356	838		823
Duggönd	101	173	232	86	183	204	238	185		144
Skúfönd	126	70	158	203	473	82	103	91		147
Hávella	2.022	1.860	1.556	1.496	1.843	1.949	1.924	1.538		1.358
Toppönd	488	757	672	674	546	559	725	553		683
Hvítmáfur	3.942	4.546	3.771	3.187	5.496	4.251	3.111	2.537		1.863
Hettumáfur	2.958	2.696	2.854	2.306	1.910	1.527	1.274	1.213		922
Rita	1.371	1.461	2.324	1.433	1.596	1.724	2.135	1.262		848
Dilaskarfur	2.550	2.980	2.762	1.894	1.657	2.161	3.352	2.322		2.332
Toppskarfur	5.128	6.499	4.423	2.257	2.237	2.783	3.811	3.155		2.292
Fýll	8.059	8.920	10.093	9.037	7.739	10.495	10.323	8.529		5.251
Álka	18.461	27.588	20.862	25.185	27.946	20.323	22.082	21.352		16.706
Langvía	52.867	65.179	59.529	65.612	59.797	66.567	52.839	58.717		37.353
Stuttnefja	15.114	20.489	15.443	18.495	21.673	16.572	17.288	15.190		13.821
Teista	3.424	4.082	3.942	3.876	4.882	4.692	4.852	3.281		2.926
Lundi	215.517	232.936	186.400	160.075	127.680	128.246	136.320	125.609		97.795
Rjúpa	123.392	158.363	166.129	159.188	153.263	129.200	101.548	79.284		822
Kjói	2.617	2.292	1.993	1.752	1.302	1.293	1.183	1.022		1.355
Refur	3.677	3.535	3.957	4.523	4.905	5.415	5.403	5.675		6.326
Minkur	6.341	6.718	8.016	7.780	7.730	8.638	8.307	8.414		8.289
Hreindýr	329	361	260	300	406	359	462	553		860
Súla (ungar)	707	994	636	686	438	831	1.196	493		329

Veiditölur 2003 ónothæfar

Sóknardagar og áætluð stofnstærð

	2002	2004	Stofnst. að vori *
Svartbakur	3.610		50.000
Silamáfur	2.755	1.924	25.000
Silfurmáfur	1.712	967	4.000
Hrafn	1.660		2.500
Grágæs	8.879	8.283	83.000 Heildarfj. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Heiðagæs	3.524		200.000 Heildarfj. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Blesgæs	1.016	948	32.000 Heildarfj. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Helsingi	329		32.000 Heildarfj. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Stökkönd	3.880		10-15.000
Urtönd	571		3-5.000
Rauðhöfðaönd	327	381	4-6.000
Duggönd	80		4-6.000
Skúfönd	67	47	6-8.000
Hávella	366		1-3.000
Toppönd	210	272	2-4.000
Hvítmáfur	1.112	694	8.000
Hettumáfur	386	553	25-30.000
Rita	920		900.000
Dilaskarfur	504		2-3.000
Toppskarfur	527		8-9.000
Fyll	920	1.332	1-2 milljónir
Álka	1.271		380.000
Langvía	1.967		990.000
Stuttnefja	1.044		580.000
Teista	650	471	20-30.000
Lundi	12.227		2-3 milljónir
Rjúpa	15.655	80	50-100.000
Kjói	737		5-10.000
Refur	3.024		3.900 fjöldi dýra að vori
Minkur	4.662		>3.500 fjöldi dýra að vori
Hreindýr	738		2.500 fjöldi dýra að vori
Súla (ungar)	17		23.000

* Stofnstærð að vori - Varpör nema annað sé tekið fram

Athugið að heildarstofnstærð er ((varpör x 2) + ókynþroska fuglar)

Dæmi: Stofn X að hausti ((75.000 x 2) + 700.000 ungar) = 850.000 fuglar

FRÍÐLÝST SVÆÐI Umhverfisstofnun



Kæru veiðimenn

Akstur utan vega er bannaður. Ástæða þess að reglugerð er sett um bann við akstri utan vega er sú að íslensk náttúra er auðlind sem taka verður tillit til. Gáleysisleg umgengni og átroðningur er líkleg til að valda miklum spjöllum og breytingu á ásýnd lands m.a. vegna veðráttu og norðlægrar legu landsins. Jarðvegur hér er ríkur af ósku, vikri og öðrum áfoksefnum. Hann er grófur og laus í sér og því auðrofinn. Á hálendinu einkennist gróðurþekjan víða af mosaríkum sverði og gisnum háplöntugróðri. Gróðurlendi sem þessi eru afar viðkvæm fyrir átroðningi, láta fljótt á sjá og eru lengi að gróa upp. Sýnum því samstöðu – hlífum landinu við akstri utan vega.

Náttúruverndarsvæði

Umhverfisstofnun vekur athygli veiðimanna á því að hér á landi eru 89 fríðlýst náttúruverndarsvæði skv. lögum um náttúruvernd og þrjú með sér lögum. Sérstakar umgengnisreglur gilda á hverju svæði fyrir sig. Á eftirtöldum svæðum eru skotveiðar bannaðar með þeim undantekningum sem getið er. Á þeim svæðum sem ekki er getið í listanum er meðferð skotvopna ekki óheimil með vísan í náttúruverndarlög. Hinsvegar er landeigendum, sveitarstjórnunum og hagsmunaaðilum heimilt að setja strangari reglur. Upplýsingar um gildandi reglur á fríðlýstum svæðum er að finna í auglýsingum B-deildar Stjórnartíðinda og á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is

Swæði	Augl.nr.	Undantekningar frá banni
Suðvesturland		
Ástjörn	189/1978	
Ástjörn og Ásfjall	658/1996	
Eldey	119/1974	Skot bönnuð nær eyinni en 2 km
Grótta	13/1984	
Tröllabörn í Lækjarbotnum	294/1983	
Varmárosar	506/1987	
Bakkatjörn	889/2000	Eyðing meindýra er heimil með leyfi umhverfisnefndar Seltjarnarness
Hlíð	549/2002	Sveitarstjórn Bessastaðahrepps getur þó veitt heimild til þess að verja fuglalíf fólkvangsins, t.d. vegna minks, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.

Kasthúsatjörn og aðliggjandi fjörur 663/2002 Sveitarstjórn Bessastaðahrepps getur veitt heimild til þess að verja fuglalíf svæðisins, t.d. vegna vargs, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.

Valhúsað 81/1998
Víghólasvæði 778/1983

Vesturland

Blautós og Innstavgosnes 166/1999 Bæjarstjórn Akraness getur veitt heimild til þess að verja varplönd fyrir hrafn og máfum.

Búðahraun 357/1979
Geitland 283/1988
Hraunfossar og Barnafoss 410/1987
Húsafellsskógur 606/2001
Hvanneyri 364/2002
Melrakkaey 118/1974
Ströndin við Stapa og Hellna 284/1988
Snæfellsjökull 568/2001

Skot bönnuð nær eygni en 2 km

Vestfirðir

Flatey 395/1975 Bændum er heimilt að bægja vargi frá æðarvörpum.
Landeigendum eru heimilar hefðbundnar nýttjar.
Hornstrandir 332/1985
Hrísey 425/1977 Meindýraveiðar til varnar æðarvarpi eru heimilar

Vatnsfjörður 96/1975

Norðurland Vestra

Guðlaugstungur 1150/2005 Heimilar eru veiðar á ref- og mink og heimilt er að eyða dýrum sem valda tjóni í samræmi við verndaráætlun og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

Hrútey í Blöndu 521/1975 Meindýraveiðar eru heimilar með leyfi bæjarstjórnar Blönduósþæjar.

Miklavatn 29/1977
Spákonufellshöfði 444/1980 Eyðinga meindýra er heimil

Norðurland Eystra

Böggvisstaðafjall 432/1994 Rjúpnaveiðar eru heimilar
Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss 456/1996 Landeigendum eru heimilar dýraveiðar

Friðland í Svarfaðardal 443/1980
Herðubreiðarfriðland 272/1974
Jökulsárgljúfur 359/1993
Krossanesborgir 162/2005

Meindýraveiðar bænda eru heimilar

Bæjarstjórn Akureyrar getur veitt heimild til þess að verja fuglalíf fólkvangsins, t.d. vegna vargs, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.

Vestmannavatn 30/1977 Eyðing meindýra er heimil

Austurland

Díma í Lóni 523/1975
Esfjöll í Breiðamerkurjökli 188/1978
Fólkvangur Neskaupstaðar 333/1972

Eyðing meindýra er heimil með leyfi náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar.
Meindýraveiðar til varnar æðarvarpi eru heimilar.

Hólmanes 393/1973

Hvannalindir í Krepputungu 32/1973
Ingólfshöfði 388/1978
Kringilsárrani 181/2003
Lónsöræfi 31/1977
Ósland 427/1982

Hefðbundnar nýttjar bænda

Veiðiréttur landeigenda er óbreyttur
Eyðing meindýra er heimil skv.

Salthöfði og Salthöfðamýrar 249/1977
Skattafell 879/2004

Reglugerð Eyðing meindýra er heimil
Veiðar á ref og mink eru heimilar samkvæmt ákvörðun Umhverfisstofnunar
Skot bönnuð nær eygni en 500 m.
Ábúanda er heimil hlunnindanyting

Skrúður 513/1995

Suðurland

Dyrhólaey 101/1978
fýl og lunda eru heimilar.

Hefðbundnar nýttjar bænda á æðarvarpi,

Dverghamrar 446/1987
Gullfoss 141/1979
Herdísarvík 121/1988
Oddaflið 634/1994



Pollengi og Tunguey 457/1994
Skógafoss 477/1987
Surtsey 122/1974

Skot bönnuð nær eygni en 2 km
Veiðar á dýrum sem ekki samrýmast markmiðum friðunarinnar eru heimilar

Pingvellir 47/2004

Þjórásarver 507/1987

Fríðlýst svæði á Íslandi 2006



fluguveiði.is

vefur veiðimannsins

fróðleikur um stangveiði og skotveiði

FUGLAMERKI

HVAÐ Á AÐ GERA VIÐ ÞAU?



Fuglar eru merktir með númerdum málmhringjum/lithringjum/vængnælum til þess að afla upplýsinga um lifnaðarhætti þeirra, ferðir, lífslengd og dánarorsök. Á fuglamerkjum er pósthöfundur merkingastöðvar og raðnúmer, sem er tilvísun í upplýsingar um hvar og hvenær fuglinn var merktur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með fuglamerkingum á Íslandi og varðveislu gagna um endurheimtur. Þau 70 ár sem merkingar hafa verið stundaðar hér á landi hafa yfir 400.000 fuglar verið merktir. Aðeins örlitill hluti merkjanna kemur aftur í manna hendur og ræðst árangur fuglamerkinga af góðri samvinnu við finnendur. Upplýsingar sem ekki rata til réttara aðila koma engum að gagni. Þær eru jafn mikilvægar þótt margir merktir fuglar hafi náðst áður á sömu slóðum. Ef þú finnur eða veiðir merktan fugl, þá sendu merkið og upplýsingar um fuglinn til:

Náttúrufræðistofnun Íslands
Fuglamerkingar
Pósthólf 5320
IS - 125 Reykjavík

Lifandi fuglum við góða heilsu skal sleppt aftur með merkinu á. Á það skal bent að það er enginn glæpur að veiða merktan fugl, það er gert ráð fyrir því að þeir veiðist líkt og aðrir fuglar. En það er mjög mikilvægt að upplýsingum um merкта fugla sé skilað. Þeir sem skjóta merкта rjúpu eru beðnir að senda höfuð fuglsins ásamt merkinu.

Ef fuglinn er merktur með radiósendi þá er nauðsynlegt að fá sendinn aftur því hann er dýrt rannsóknartæki sem er hægt að endurnýta.

Helstu upplýsingar sem þurfa að fylgja eru eftirfarandi:

- (1) frá hvaða landi er merkið (nafn merkingastöðvar),
- (2) númerið á merkinu,
- (3) hveurrar tegundar fuglinn er talinn vera,
- (4) hvar fuglinn fannst (á sjó: hnit eða fjarlægð og stefna frá stað),
- (5) hvenær fuglinn fannst (dagsetning),
- (6) ástæður fundar (fundinn dauður, vængbrottinn, var skötinn o.s.frv.),
- (7) nafn, heimilisfang og sími tilkynnanda (og finnanda sé hann annar),
- (8) senda merkið (og helst fuglinn, verði því við komið, hafi hann fundist dauður.

Finnendum eru sendar upplýsingar um hvar og hvenær viðkomandi fugl var merktur.

Með fyrirfram þökkum fyrir samstarfið
Náttúrufræðistofnun Íslands
sími 5 900 500, símbréf 5 900 595

Rafeinda virkinn sf

	Haglabyssur- Riffilar-Hnífar Huglu - tyrkneskar ódýrar Cæsar - ítalskar þær bestu http://www.rafeindavirkinn.is/Hnifar fyrir veiðimenn Þetta er rétta afmælisgjöfin! Brusletto og Benmade http://www.benmade.com/	
	Haglaskot - Pegoraro http://www.pegorarosport.com/	

<http://www.rafeindavirkinn.is/> Cæsar - ítalskar þær bestu

Barrholti 1 Mosfellsbær

rafeindavirkinn@rafeindavirkinn.is

Sími 5668730 — Fax 5668780

GSN 8229993 - 8228999



Údráttur úr lögum um veiðar

Athygli skal vakinn á því að í Lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 er Umhverfisstofnun veitt heimild til þess að aflétta friðun á vissum fuglategundum. Á grundvelli þessara laga hefur Umhverfisstofnun gefið út reglugerð um Fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum nr. 456/94.

Fuglafriðunarákvæðið í reglugerð er það ákvæði sem er í gildi hverju sinni. T.d. er heimild í lögum til þess að aflétta friðun á súlu og skúm en ekki í reglugerð þannig að súla og skúmur njóta friðunar í dag en ungataka súlu er heimil. Einnig er veiðitímabil ýmissa fuglategunda s.s. grágæsa til 31. mars í lögnum en til

15. mars í reglugerðinni og gildir þá sú dagsetning sem er í reglugerðinni. Ef breytingar verða á veiðitímabilum verður það auglýst m.a. á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is. Á heimasíðunni er m.a. hægt að sjá myndir af öllum tegundum fugla sem má veiða, stutta lýsingu á þeim, veiðitölur frá 1995 og áætlaða stofnstærð þeirra.

Öllum þeim sem hafa aflað sér veiðikorts eru heimilar fuglaveiðar í almenningum utan landareigna lögbýla enda geti enginn sannað eignarétt sinn til þeirra. Landeigendum einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunaréttur þeirra á landareign sinni.

Við veiðar er m.a. óheimilt að nota

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýls- súlu- og skarfsungum.
4. Net nema háf við lunda-, álku, stuttnefju-, og langvíuveiða. Fugla sem drepast í netum, sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörur og snörufleka.
7. Fótþoga eða gildirur.
8. Rafbúnað sem getur drepit eða rotað.
9. Segulbandstæki eða aðra rafknúna hjóðgjafa.
10. Ljósgrafa.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.
12. Spegla eða annan búnað sem blindar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindataekjum er stækka eða breyta ímyndinni.
14. Sjálfvirk skotvopn svo og handhlaðnar fjölskotabyssur (pumpur) og hálf sjálfvirk með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
15. Lifandi dýr sem bandingja.
16. Hunda til þess að hlaupa uppi brád. Hunda má hins vegar nota til að finna brád og sækja særða eða dauða brád.
17. Vélknúin farartæki nema báta á sjó enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi, önnur en vélsleða og fjórhjól, má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skot-



veiðimaður.is

vefur íslenska skotveiðimannsins

vopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 metra.

Óheimilt er að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum. Óheimilt er að veiða fugla í sárum. Þar sem eggja- eða ungataka súlu, dilaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvítmáfs, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis. Þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stuttnefju í háf telst til hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis.

Veiðar þessar hefjast ekki fyrr en 1. júlí og ljúki eigi síðar en 15. ágúst.

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af **völdum refa** er friðun þeirra aflétt á tímabilinu **1. ágúst til 30. apríl**. Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skotið refi sem búfenaði eða

æðarvarpi stafar bein hættu af. **Heimilt er að veiða mink allt árið um allt land** nema á svæðum þar sem allar veiðar eru bannaðar.

Veiðimaður skal skrá alla veiði sína á veiðiárinu og skila veiðiskýrslu árlega á þar til gerðu eyðublaði.

Veiðiárið telst vera frá 1. janúar til 31. desember.

Veiðiskýrslu ber að skila þótt veiðimaður hafi ekkert veitt á árinu.

Skilyrði fyrir endurnýjun veiðikorts er að veiðiskýrslu um veiði síðasta árs sé skilað með umsókn um endurnýjun á veiðikorti. Umhverfisstofnun er óheimilt, án leyfis korthafa, að skrá veiði þannig að hægt sé að rekja saman veiðiskýrslu og veiðimann. Allir fuglar, þar með taldir þeir sem koma reglulega eða flækjast til landsins, eru friðaðir nema þeir sem friðun hefur verið aflétt á eins og sjá má á töflu á bls. 48.

Þirt með fyrirvara um breytingar á lögum og reglugerðum.



ÚRVAL AF
BYSSUM Á
vesturrost.is



MIKIÐ ÚRVAL AF NÝJUM OG NOTUÐUM BYSSUM
HREINDÝRARIFFLAR

Sako • Tikka • Remington • Ruger • Savage • Winchester

EINNIG SÉRPÖNTUM VIÐ FLESTAR GERÐIR AF BYSSUM

Vesturröst • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík

Sími: 551-6770 • 581 4455 • www.vesturrost.is • vestrost@mmedia.is

VEIÐITÍMABIL

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Agúst	Septembar	Október	Nóvember	Desember	
Tegund													Veiðitími
Svarfbakur													Allt árið
Sílamáfur													Allt árið
Silfur máfur													Allt árið
Hrafn													Allt árið
Grágæs													20.08 - 15.03
Heiðgæs													20.08 - 15.03
Fýll													01.09 - 15.03
Dilaskarfur													01.09 - 15.03
Toppskarfur													01.09 - 15.03
Blesgæs													01.09 - 15.03
•Helsingi													01.09 - 15.03
Stökkönd													01.09 - 15.03
Urtönd													01.09 - 15.03
Rauðhöfðaönd													01.09 - 15.03
Duggönd													01.09 - 15.03
Skúfönd													01.09 - 15.03
Hávella													01.09 - 15.03
Toppönd													01.09 - 15.03
Hvit máfur													01.09 - 15.03
Hettumáfur													01.09 - 15.03
Rita													01.09 - 15.03
Álka													01.09 - 10.05
Langvía													01.09 - 10.05
Stuttnefja													01.09 - 10.05
Teista													01.09 - 10.05
Lundi													01.09 - 10.05
Rjúpa													Augl. síðar
Kjói													15.04 - 14.07

ATH! Helsingi er fríðaður til 25. sept. í A-Skaftafellssýslu og V-Skaftafellssýslu. Þar er kominn upp lítil alíslenskur varpstofn sem nauðsynlegt er að taka tillit til

Remington®

C O U N T R Y



Remington hálfjálfráttar haglabyssur
í 100 ár.

Árið 1905 hóf Remington framleiðslu á hálfjálfráttar haglabyssur og hafa þær sannað sig við erifðar aðstæður.



Í tilefni afmælisins setur Remington nýja gerð á markað: **11-87 Sportsman**. Frábært verð, hafið samband við endursöluaðila.

Umboð á Íslandi:

Veiðiland

Flugumýri 8 – 270 Mosfellsbær

Sími: 588 5830 – Fax: 588 5835 – phh@veidiland.is